

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

MAÍ 2021



5. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nýtt knattspyrnuhús byggt á KR-svæðinu

Í síðustu viku var undirritaður samningur á milli KR og Reykjavíkurborgar um byggingu fjölnota knattshúss ásamt vinnu við breytingu á heildarskipulagi KR-svæðisins. Þannig mun KR-svæðið líta út að loknum þeim framkvæmdum sem samningurinn kveður á um. Sjá nánar á bls. 2.



Betri laun



VIRTUS

Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Gylfa Zoega
prófessor í hagfræði

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

Halló sumar

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

5. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Við getum lagað

Ískýrslu Umhverfiráðgjafar Íslands kemur fram að rúmur helmingur allrar kolefnislosunar komi frá vegasamgöngum eða 52 prósent.

Þetta staðfestir svo ekki verður um villst þátt umferðarinnar í kolefnislosun. Þetta þýðir að veigamiklar breytingar verða vart umflúnar ætlum við að halda okkar striki hvað slíka losun varðar.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að rafvæða umferðina að miklu leyti. Á það við um öll eða flest farartæki sem eru á ferð. Stórukin sala rafdrifinna bíla ber vott um að sú vegferð sé hafin.

Í öðru lagi þarf að hætta notkun negldra hjólbarða. Í dag eru komnir fram hjólbarðar sem duga jafn vel eða betur í vetrarumferð en nagladekk.

Í þriðja lagi þarf að efla almenningssamgöngur. Hluti af því er að bjóða betri kosti og ná til almenningssálits í því sambandi. Einnig er nauðsynlegt að hefja málið upp úr pólitískum skotgröfum.

Í fjórða lagi þarf að jafna umferðina. Til þess þarf að beita vinnufyrirkomulagi. Aðeins hefur örlað á þeim breytingum í sambandi við covid faraldurinn.

Fjarvinna hefur aukist þar sem henni verður komið við. Engin ástæða er til þess að ríghalda í að allir hefji störf á sama tíma sólarhringsins eða vinna alltaf af sama stólum. Einnig þarf að samræma enn betur skóla- og frítíma barna og ungmenna.

Hugmyndir um að verslun með lífsnauðsynjar færast á ný aftur í nágrenni við búsvæði er einnig hluti af þessu. Að slík verslun færðist út úr byggðunum og jafnvel í talsverða lengd frá þeim hefur ekki verið til góðs þegar lítið er til umferðar og kolefnismála.

Íslendingar eru skreppsæknir í eðli sínu. Sækja í að skeppa eftir einhverju eða skutla eitthvað. Ónauðsynlegt skrepp eykur umferð og kolefnisvanda. Allt þetta eru hlutir sem við getum auðveldlega lagað.

Samningur um KR-svæðið undirritaður

Gylfi Dalmann Aðalsteinson formaður KR og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrituðu samning vegna fyrirhugaðra uppbyggingu á KR-svæðinu síðastliðinn föstudag. Samningurinn er um byggingu fjölnota knattúss ásamt vinnu við breytingu á heildarskipulagi KR svæðisins.

Tilkoma fjölnota knattúss mun gerbylta allri aðstöðu og starfsemi á KR svæðinu. Samningur þessi byggir á mikilli skipulags- og hugmyndavinnu sem forsvarsmenn KR hafa unnið með arkitektunum Bjarna Snæbjörnssyni og Snæðisi Bjarnadóttur hjá BJSnæ arkitektum og Páli Gunnlaugssyni hjá ASK arkitektum síðustu ár. Það er ljóst að þessi samningur er mikil lyftistöng fyrir allt íþrótt- og félagsstarf í vesturbænum og



Á myndinni eru Gylfi Dalmann og Dagur B. Eggertsson að spjalla saman eftir undirritunina.

telst til stærri áfanga í 122 ára sögu félagsins. Deiliskipulag fer í gang nú þegar og hugsanlegt að því ljúki á þessu ári. Þá fer af

stað hönnun og undirbúningur fjölnotahússins. Gert er ráð fyrir að húsið verði risið 2023.

Verður Hagatorg gert að almenningssvæði?

- hugmyndir um leikskólalóð á torginu aflagðar

Borgarráð samþykki á fundi 17. maí sl. að fela umhverfis- og skipulagssvæði að þróa hugmyndir um aukna nýtingu Hagatorgs og skilgreina það sem torg í biðstöðu. Markmiðið með því er að kanna þau tækifæri sem felast í því að hugsa Hagatorg sem fjölnota almenningssvæði eða almenningsgarð sem taka einnig mið af nálægð þess við Melaskóla, Hagaskóla og nærliggjandi byggingar. Rýni á samgöngumálum og umferðaröryggi verði hluti af verkefninu með sérstakri áherslu á öruggar göngutengingar.

Hugmyndir höfðu verið settar fram að nýta torgið fyrir færarlegan leikskóla. Nú hefur verið fundin laus á því máli og aðrar lóðir orðið fyrir valinu hvað leikskólamálin varðar. Því hefur verið fallið frá hugmyndum að nýta Hagatorg fyrir leikskólalóð. Hugmyndir hafa áður komið fram



Séð yfir Hagatorg.

um að þróa Hagatorg í umrædda átt. Meðal annars setti Hilmar Þór Björnsson Vesturbæingur og arkitekt fram hugmyndir í þessa átt. Hugsunin að baki þessu er að þarna skapist frábært tækifæri til að koma upp fjölbreyttri aðstöðu fyrir útivist fyrir alla fjölskylduna

og bæta til muna útiaðstöðu nemenda í Melaskóla, Hagaskóla og víðar. Leiktæki, þrautbrautir, útsvið fyrir fjölbreytta menningarviðburði, gosbrunnur, bekkir til að njóta þess sem fyrir augu ber eða hvíla lúin bein.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Þingmaður Reykvíkinga

Ég tel að þingmenn Reykjavíkur þurfi að stíga fastar fram og vera duglegri að tala máli Reykvíkinga og sinna málefnum þeirra betur.

Það á til dæmis að gera kröfu um jöfnun atkvæðisréttar enda er misvægi atkvæða afsprengi samfélagsgerðar sem er löngu úrelt.



Friðjón Friðjónsson í 4. sæti

Tökum forystu

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Reykjavík 4. – 5. júní

Mannlífsbreytingarnar eru miklar

- viðtal við Gylfa Zoega prófessor í hagfræði

Gylfi Zoega prófessor spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Gylfi er viðskipta- og hagfræðingur frá Háskóla Íslands en hélt síðan til Bandaríkjanna þar sem hann lauk doktorsprófi í hagfræði frá Columbia University New York árið 1993. Hann starfaði um tíma sem prófessor í hagfræði við Birkbeck College í London en kom síðan heim eftir 17 ára búsetu erlendis árið 2003 og hóf störf við Háskóla Íslands. Gylfi hefur sérhæft sig í þjóðhagfræði og vinnuhagfræði en einnig látið málefni líðandi stundar, lands og þjóðar til sína taka. Hann hefur ritað fjölda greina og komið fram í viðtalsþáttum þar sem hagfræði og þjóðmál hafa verið til umfjöllunar.

Gylfi er hreinn Vesturbæingur. Fæddur á Tómasarhaga en býr nú í Granaskjóli. Hann hefur búið í Vesturbænum alla tíð að undanskildum þeim árum sem hann var við nám í New York og starfaði við kennslu í London. Foreldrar hans voru Gunnar Zoega lögiltur endurskoðandi og Hebbja Herbartsdóttir. Eigin kona hans er Marta Guðrún Skúladóttir hagfræðingur og eiga þau þrjú börn þá Tómas Gylfa, Gunnar Snorra og Einar Skúla. Bróðir Gylfa er Gunnar Már, sérfræðilæknir í augnlækningum. „Það var gott að alast upp í Vesturbænum,“ segir Gylfi. „Ég hóf skólagöngu mína á leikskólanum Drafnarborg en þar var Bryndís föðursystir mín leikskólustjóri um langt árabli. Bryndís var nokkuð sérstök og ég er viss um að þeir sem komnir eru um og á miðjan aldur og nutu skólavistar við Drafnarstíginn muna eftir henni. Ég held að hún hafi um margt verið á undan sinni samtíð og helgaði sig starfinu af

fremsta megni. Á skólalóðinni hafði hún ýmis atvinnutæki eins og fiskibát og vörubíl sem væru sennilega ekki leyfð í dag vegna slysaáætlu.“

Magnús hafði gott lag á ungmennunum

„Skólagangan hélt áfram sinn hefðbundna veg í Melaskóla og Hagaskóla og síðar í Menntaskólanum í Reykjavík. Margir skólabræður mínir úr MR fóru í læknisfræði. Ég fann fljótt að hún myndi ekki eiga við mig. Ég hafði minni áhuga á líffræði og eðlisfræði en málefni samfélagsins vöktu meiri áhuga hjá mér. Ég man að ég var að skjótast úr skólanum og sækja mér tímarit á borð við Newsweek til þess að lesa um samfélagsleg málefni. Það má ef til vill orða það þannig að þjóðmálaáhuginn hafi kveikt í mér og að hagfræðin hafi þannig komið til mín. Eftirminnanlegur kennari var Dagný Albertsson í Melaskóla

en hún kenndi þar lengi og Björn Jónsson skólastjóri Hagaskóla á þessum árum. Þau voru bæði strangir kennarar en með hjartað á réttum stað. Í Hagaskóla var einnig Magnús Oddsson sem var umsjónarkennari minn öll þrjú árin. Hann hafði gott lag á að tala við unglunga sem jafningja sem efldi sjálftraust og metnað.“

Mannlífsbreytingarnar eru miklar

Gylfi segir að Vesturbæinn hafi breyst mikið frá því hann var að alast upp á sjöunda og áttunda áratug liðinnar aldar. „Ég man eftir mörgum verslunum í Vesturbænum. Það var Árnabúð á Fálkagötu, önnur verslun á Suðurgötu, Kron á Dunhaga og svo framvegis. Þarna starfaði vingjarnlegt fólk sem allir þekktu með nafni. Nú eru flestar þeirra horfnar og lítið orðið um verslunarstarfsemi ef Melabúðin er frátalin. Mannlífið er einnig mun fábrotnara en var einkum, að því er virðist, á meðal barna. Á móti kemur að veitingahúsum og kaffihúsum hefur fjölgað. Þegar ég var að alast upp vorum við mikið úti að leika okkur. Sumir voru í fótbolta, t.d. á svonefndum Lynghagavelli, en aðrir fundu sér eitthvað annað að fást við. Á veturna var mikið farið á sleða ef snjór var til staðar og annarra útileikja. Þótt ég tali um Vesturbæinn, heimahaga mína fyrr og síðar þá er eflaust hægt að segja svipaða sögu af öðrum hverfum og borgarhlutum. Mannlífsbreytingar eru miklar bæði er við kemur þjónustu og ekki síður uppeldinu. Tölvutækni hefur breytt miklu. Börn virðast nú eyða þeim tíma sem áður fór í útiveru og leiki að miklu leyti fyrir framan skjáinn.“

Spilling getur ráðið miklu þar sem hún er rótgróin

Gylfi snýr sér að hagfræðinni. Hann segir að hér á landi einkenni náðin stjórnmálalífið og einnig efnahagslífið. „Hér á landi er mjög stutt á milli hagsunaaflla og stjórnmálaflokka en slík tengsl eru auðvitað einnig að finna í öðrum löndum. Hagsmunaöflin koma bæði frá atvinnulífinu en einnig af öðrum sviðum. Til dæmis úr verkalýðshreyfingunni. Þetta hefur mikil áhrif á hvernig landsmálin þróast á hverjum tíma. Hvaða leikreglur skapast og hvernig þeim er framfylgt. Hagfræðin býr yfir tölulegum



Gylfi Zoega prófessor.

líkönunum og tæknilegri tölfraði um hvað skiptir máli. Með hagfræðinni er hægt að spá fram í tímann og segja fyrir um orsakir og afleiðingar. Hitt er svo annað mál að menning og stofnanir hinna ýmsu landa eru mismunandi. Hagstjórn fer líka eftir því hvaða reglur gilda í viðkomandi samfélögum. Einnig má nefna ýmsa áhrifavalda í gegnum tíðina. Áhrifavalda sem ekki skapa verðmæti. Mikilvægt er að eignaréttur sé varinn, farið sé að lögum og dómstólar óvillhallir. Þarna kemur t.d. spilling til sögunnar. Hún er á mismunandi háu stigi eftir ríkjum. Hún getur ráðið miklu þar sem hún er rótgróin.“

Því miður hefur sígið á ógæfuhliðina

Gylfi lítur yfir sviðið hér heima. „Við getum verið heppin að því leyti og það er minni spilling hér en í mörgum löndum þótt hagsmunagæslan sé sterk. Meiri en á hinum Norðurlöndunum en minni en í Suður Evrópu og flestum vanþróuðum ríkjum. Því miður hefur þó sígið nokkuð á ógæfuhliðina að þessu leiti nú

á 21. öldinni. Stjórnvöld ætluðu að skapa fjármálamiðstöð þegar losað var um ýmiskonar reglur sem gilt höfðu um fjármálastarfsemi. Þetta átti að gerast á örfáum árum og það sem meira var að byggjast á erlendu fjármagni sem flæddi hingað í gegnum nokkra stóra banka á meginlandinu að mestu leyti í krafti þess að vextir voru mun hærri hér en í upprunalöndum fjárens. Fjármálakerfið varð allt of stórt, svo stórt að því varð ekki bjargað þegar áhlaup var gert á það haustið 2008. Fjárfestingar sem bankarnir fjármögnuðu voru alla vega, ekki alltaf nægilega vel ígrundaðar og sumar hverjar hæsta máta óeðlilegar. Íslensk fyrirtæki voru til að mynda að kaupa verslanir í Oxford stræti í London og á Strikinu í Kaupmannahöfn á háu verði. Þetta kunni ekki góðri lukku að stýra. Allt var fjármagnað með erlendum lánum, einnig lán til innlendra fyrirtækja sem ekki höfðu tekjur í erlendum gjaldeyri. Hlutabréfaverð féll og gengið féll líka árið 2008 þegar hin alþjóðlega fjármálakreppa skall á. Mikil af lánunum til landsmanna, lánunum sem mörg höfðu verið



- Er komið að húsnaðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún, lögmaður
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðiþjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Gylfi á yngri árum með sonum sínum þeim Tómasi Gylfa, Gunnari Snorra og Einari Skúla.

tekin til húsnæðiskaupa voru verðtryggð eða gengistryggð. Þau lán hækkuðu mikil við gengisfallið. Þarna varð mikil eignatilfærsla. Sumir misstu heimili sín á meðan aðrir högnuðust. Við erum enn að sjá afleiðingarnar af þessu."

Ferðamannahagkerfið innan við 10%

„Í kjölfarið fengu Íslendingar

mikinn straum ferðamanna til landsins sem gerbreytti stöðu þjóðarbúsins, erlendar skuldir voru greiddar upp og mikill gjaldeyrisforði safnaðist upp,“ heldur Gylfi áfram. Hann kveðst telja að ferðamannastraumurinn komi aftur þegar ákveðnu stigi bólusetninga verður náð, sennilega nú í sumar. Og ekki spilli fyrir áhuga ferðamanna að eldgos kraumi nú við túnfót höfuðborgarsvæðisins. “Hins

vegar má ekki geyma því að ferðamannahagkerfið er innan við 10% af hagkerfi landsins. Þess vegna hefur ekki farið verr en raun ber vitni. Við þurfum að leggja áherslu á fleiri greinar. Nýsköpun og þekkingariðnaður er þar fremstur. En eftir stendur að lífskjör hér á landi eru með þeim bestu í heiminum og jöfnuðir meiri en víðast hvar. Skólakerfið tryggir einnig fólki tækifæri óháð efnahag.“

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



**Séreignar-
sparnaður er
launahækkun**

Séreignarsparnaður er frábær leið til þess að spara fyrir framtíðinni. Sumarlaunin þín hækka með mótframlagi frá vinnuveitanda.

Kynntu þér málið á landsbankinn.is

Nær 3.800 íbúðir í byggingu í borginni



Hátt á fjórða þúsund íbúðir eru í byggingu í Reykjavík.

Alls eru 2.782 íbúðir í byggingu í Reykjavík. Gefin hafa verið út samþykkt ný byggingarleyfi fyrir 367 íbúðir á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Reykjavíkurborg úthlutaði á fyrsta ársfjórðungi 12 lóðum þar sem byggja má 242 íbúðir. Samkvæmt tölum Samtaka Iðnaðarins eru um 900 fleiri íbúðir í byggingu í Reykjavík en í öllum öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu samtals. Áætlanir uppbyggingaraðilla gera ráð fyrir nær 250 fullkláruðum íbúðum á hverjum ársfjórðungi næstu sjö ársfjórðunga, sem er í takt við áætlanir borgarinnar.

Þetta kemur fram í samantekt sem gefa á út ársfjórðungslega, en sú fyrsta var kynnt í borgarráði nýverið. Þessi reglulega útgáfa bætir verulega upplýsingamiðlun um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Hin síðari ár hefur árlega verið haldinn kynningarfundur borgarstjóra um uppbyggingu íbúða, auk þess sem sú samantekt hefur verið gefin út sem kynningarrit. Hvort tveggja hefur mælt vel fyrir og er aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar. Íbúum í Reykjavík fjölgaði um 528 á þessum fyrsta ársfjórðungi og virðist því stefna í að fjölgun íbúa verði yfir tvö þúsund fimmta árið í röð. Fjöldi íbúa mun líklega fara yfir 135.000 með haustinu.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

• EIGNAumsjón

20 ára

Veitur hefja framkvæmdir í gamla Vesturbænum

Flestar lagnir komnar á tíma endurnýjunar

Breyting hefur verið gerð á skipulagi framkvæmda Veitna í gamla Vesturbænum sem snerta Hlésgötu, Mýrargötu, Nýlendingötu, Bræðraborgarstíg og Vesturgötu og röð verkáfangna breytt. Framkvæmdir í Hlésgötu eru hafnar og unnið verður upp að Mýrargötu en stefnt er á að hún verði lokuð 12. til 30. júní.

Í byrjun júní hefst annar áfangi en þá er áætlað að leggja lagnir undir Nýlendingöturóló. Vinnan við þriðja áfanga á Vesturgötu mun standa yfir frá miðjum júlí og fram í lok október, en þar verður byrjað við gatnamót Bræðraborgarstígs og endað við gatnamót Stýrimannastígs.

Veitur hafa undanfarið verið í samskiptum við íbúa í nágrenni framkvæmdanna og íbúaráð Vesturbæjar. Þar hefur mikilvægi Nýlendingöturóló í hugum fólks komið skýrt fram. „Ekki verður hjá því komist að þvera leikvöllinn í þessum framkvæmdum þar sem garðurinn átti upphaflega að vera gata frá Bræðraborgarstíg að Mýrargötu og því liggja allar lagnir undir honum. Við munum gera okkar besta til að skila honum af okkur í upprunalegri mynd,“ segir í tilkynningu Veitna til íbúa.

Nauðsynlegt að stækka fráveitukerfið

Samkvæmt upplýsingum frá Veitum eru þessar framkvæmdir mjög mikilvægar þar sem skólp hefur flætt í kjallara nokkurra húsa í götunni í leysingum og mikilli úrkomu. Nauðsynlegt er því að stækka fráveitukerfið og aðgreina lagnir fyrir regnvatn og skólp. Núverandi skólplögn í Vesturgötu liggur grunnt þar



Hér má sjá stórvirkar vinnuvélar mættar til uppgraftrar á framkvæmdasvæðinu.



Hér má sjá yfir gamla Vesturbæinn. Fyrsti, annar og þriðji áfangi veitufamkvæmda eru merktir á kortið.

sem mjög stutt er niður á klöpp undir götunni og ekki hefur verið fleygað fyrir þeim á sínum tíma.

Það þarf því að fleyga töluvert langa leið, eða frá Vesturgötu 38 og 39 og fram yfir gatnamót Vesturgötu og Bræðraborgarstígs. Það mun hafa áhrif á hljóðvist og einnig skapa við titring. Fleygunin verður unnin í samræmi við reglur um vinnutíma. Á íbúðasvæðum er heimilt að vinna á virkum dögum milli kl. 8 til 18. Aðra daga er fleygun ekki heimil. Skoðun á húsum að utanverðu við vinnusvæðið hefur þegar farið fram svo hægt sé að meta hvort fleygunin hafi áhrif á þau. Þá eru flestar kaldavatnslagningar einnig komnar á tíma en þær eru flestar frá árinu 1925. Þess verður gætt að aðgengi fyrir gangandi vegfarendur á Vesturgötu verði sem best á meðan á framkvæmdunum stendur.

SUMARNÁMSKEIÐ

31.MAÍ - 25.JÚNÍ

Takmarkað pláss!

INNRIÐUN HEFST 10.MAÍ

COMMERCIAL | JAZZ | CONTEMPORARY
LYRICAL | MUSICAL THEATRE

WWW.DANSSKOLIBB.IS

DANSSKOLI BIRNU BJÖRNS



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímabantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Hafnartorg

Miðborgarhverfi til framtíðar

Hafnartorg er nýtt hverfi í Miðborg Reykjavíkur. Á torginu eru verslanir, kaffihús og veitingastaðir. Einnig nútíma starfsstöðvar og skrifstofur og síðast en ekki síst íbúðir. Þegar tíðindamaður rólti um Hafnartorgið fyrir nokkru fannst honum eins og hann væri kominn í erlenda stórborg. Minntist þess að hafa rólt um miðborg Lundúna nokkru áður en covitíð skall á og hefti ferðafrelsi. Fékk svipaða tilfinningu og í Covent Garden. Hugsaði að hér væri loksins komin alvöru miðborgarreitir.

Saga þessa svæðis ber ekki með sér glæsileika. Í danska skipulaginu svokallaða sem unnið var af dönskum arkitektum fyrir Reykjavíkurborg á sjöunda áratug liðinnar aldar en fæst framkvæmt eftir var lagt til að hraðbraut lægi um svæðið, upp á milliþak Tollhússins og þaðan áfram til vestur í genum Grjótaþorp. Þessi hraðbraut var aldrei lögð enda varð fljótt mikil andstaða við hugmyndir um hana á meðal borgarbúa. Nokkurra áhrifa þessara hugmynda gætti þó nokkuð um tíma þegar steypur brúarbrúar eða rampur var byggður austan við Tollhúsið til þess að starfsmenn gætu ekið bílum sínum upp á milliþakið. Rampurinn var síðar rifinn en á árinu 2012 vöknudu slíkar hugmyndir að nýju. Á því ári var sótt um leyfi til Reykjavíkurborgar til að byggja skábraut upp á bakhús Tollhússins og koma þar fyrir 91 bílastæði. Í umsókninni var bent á að um tíma hefðu bílastæði verið á milli hæða Tollhússins. Þessar hugmyndir urðu ekki að veruleika og nokkur ár liðu þar til farið var að huga að framtíð þessa svæðis. Þá voru komnar fram hugmyndir af allt öðrum toga en þær sem fólust í danska skipulaginu og bílastæðum á tollhússpakinu.

Í framhaldi af byggingum við Austurhöfn

Eftir byggingu tónlistar- og fjölnotahússins Hörpu og í framhaldi af byggingu hótél- og íbúðarhúsnæðis auk hugmynda um byggingu höfuðstöðva Landsbankans við Austurhöfnina jókst þunginn í þeirri hugmyndafræði að ráðast í viðamikla uppbyggingu á svæðinu sem fljótt var farið að kalla Hafnartorg. Hafist var handa við undirbúning framkvæmda og hönnun mannvirkja. Á ýmsu gekk og ekki var einhugur um þessar hugmyndir sem ekki var óeðlilegt í ljósi þess um hversu stóra framkvæmd var að ræða. Einnig spunnust umræður um útlit húsa og stjórnvöld vildu blanda sér í málið. Í dag samanstendur Hafnartorg af sjö byggingum og opnum svæðum sem tengjast frá gamla miðbænum yfir í svæðin kringum Hörpu og höfnina.

Miðborgin mun eflast

Hafnartorg var formlega opnað 12. október 2018 þegar Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs og Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins klipptu á borða við formlega opnun. Við það tækifæri að sagði Þórdís Lóa að Hafnartorg tæki nú við mikilvægu hlutverki



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs og Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins klipptu á borða við opnun torgsins.

í miðborginni. Það skapaði skemmtilega tengingu gamla miðbæjarins við hafnarsvæðið á sérlega glæsilegan hátt. Það teygir miðborgina alla leið vestur á Granda og sýni að verið sé að byggja upp borg sem sé öllum til sóma. Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins sagði við sama tækifæri að með opnun fjölda nýrra verslana og tilkomu þekktra alþjóðlegra vörumerkja ykist aðdráttarafl Miðborgarinnar

sem jafnframt myndi skapa fleiri tækifæri til að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu á svæðinu. Miðborg Reykjavíkur muni eflast með tilkomu nýrra og glæsilegra verslunarrýma. Verslanir tóku að opna á Hafnartorgi. Ný verslun H&M var með þeim fyrstu og aðrar fylgdu fljótt í kjölfarið. Á vordögum 2019 höfðu flestir rekstraraðilar komið sér fyrir á Hafnartorgi.

Svæði fyrir 1160 bíla

Bílakjallari er undir torginu og er hann tengdur bílakjallara Hörpu. Þar er stærsti bílakjallari á landinu með um 1160 bílastæðum. Aðkoma er að honum frá Hörpu, Pósthússtræti og Austurbakka Reykjavíkurhafnar. Í gegnum bílakjallarann er innangengt á milli allra húsa á lóðinni. Bílakjallarinn er opin allan sólarhringinn

og þar er sólarhringsvöktum og öryggisgæsla.

70 íbúðir

Alls eru 70 íbúðir á Hafnartorgi. Um hágæðaíbúðir er að ræða og í mörgum stærðum. Allt frá tveggja herbergja íbúum upp í glæsilegar þakíbúðir með góðu útsýni. Íbúðirnar voru framleiddar sem lúxusíbúðir sem þýðir að þær eru í dýrari kantinum þegar um samanburð við almennt markaðsverð íbúða í borginni er að ræða.

Endurreisn verslunar

Ýmsa gagnrýni mátti finna í fjölmiðlum og ekki síður í skrifum og ekki síst í kommentakerfum frá þeim tíma að starfsemi hófst á torginu. Vegna þessara skrifa sá



Ný verslun H&M var með þeim fyrstu sem opnuðu á Hafnartorgi. Myndin sýnir biðröð sem myndaðist fyrir framan verslunina á opnuardegi.



Þarna er verið að leggja lokahönd á gatnakerfi á Hafnartorgi.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Fasteignafélagið Reginn sig knúði til þess að senda fréttatilkynningu frá sér. Þar segir meðal annars að þegar Hafnartorgið var opnað á síðasta ári hafi verslun í Kvosinni í Reykjavík nánast verið útdaud og flest rými við götur Kvosarinnar orðin að veitingastöðum, krám eða hótélum. Síðar segir að Hafnartorgið hafi verið byggt á reit sem áður var malarbílastæði og á svæði sem hafði haft lítið aðdráttarafl. Á sama tíma hafi verslun verið að færast æ ofar á Laugaveg og að hluta út á Granda. Í fréttatilkynningunni eru nefndar ýmsar orsakir sem taldar hafa tafið að nægilegur áhugi hafi skapast um torgið. „Það hafa hins vegar ýmsar hindranir verið á leiðinni. Erlendum ferðamönnum er ekki til að dreifa sem stendur og innlend verslun og þjónusta hefur almennt sætt miklum takmörkunum. Aðstandendur Hafnartorgsins og verslunarmenn taka þó þessum áskorunum með ró og telja langtímahorfur góðar fyrir þennan nýjasta hluta Kvosarinnar og nærliggjandi hafnarvæði sem nú er í uppbyggingu.“ Vissulega hefur óvænt þjóðfélagsástand komið þarna við sögu eins og víða annars staðar. Þrátt fyrir það telja ýmsir sem starfa nú þegar á Hafnartorgi að þetta nýja Miðborgarhverfi sé á uppleið og eigi góða framtíð fyrir sér. Hitt er annað mál að nýtt Miðborgarhverfi sem felur ákveðna stórborgarmynd í sér þarf tíma til þess að festast í sessi. Fólk þarf tíma til að venjast hinum nýju aðstæðum. Margt bendir til að með tíð og tíma verði Hafnartorgið perla Reykjavíkur. Í fréttatilkynningu Regins frá 17. desember sl. segir meðal annars. „Það er viðbúið að tíma taki að byggja upp umferð um ný svæði í grónum borgum og þá liggur það í hlutarins eðli að borgarþróun er nokkuð hægfare fyrirbæri. Við



Svona var umhorfs á Hafnartorgi á fyrsta áratug þessarar aldar. Bílagötur þar sem nú er fullbyggt miðborgarhverfi.



Á Hafnartorgi um árabíl. Steinrampur var byggður upp á Tollhúsið til að nota millihæð þess fyrir bílastæði. Engum kom til hugar að byggt yrði á þessu óhirta svæði borgarinnar.

höfum hlustað á raddir sem kallað hafa eftir fjölbreyttari starfsemi á Hafnartorgi og við höfum sætt

færis þegar tækifæri hafa gefist til að gera einmitt þetta.“



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Kjötkompaní GRANDI

GRILLUM OG NJÓTUM



Hafnarfjörði & Granda



www.kjotkompani.is

☎ 578 9700

✉ kjotkompani@kjotkompani.is

📘 [kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**
Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar



TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. • Bildshöfóí 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Fjölbreytt og metnaðarfullt starf hjá Tjörninni

Nú fara börn og unglíngarnir í hverfinu bráðum að detta í sumarfrí og er það alltaf gífurlega spennandi tími í lífi unglínga. Félagsmiðstöðvarnar í Tjörninni bjóða upp á fjölbreytt og metnaðarfullt starf fyrir unglínga í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum í sumar.

Opið verður í Tjörninni og Spennistöð seinnipart dags og á kvöldin mánudaga, miðvikudaga og föstudaga fram til 7. júlí. Einnig verður boðið upp á sérstakar opnanir fyrir 7. bekklinga alla miðvikudaga. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna mun einnig sinna vettvangsstarfi í hverfinu í sumar og mun Flotinn flakkandi félagsmiðstöð auk þess vera á ferðinni um alla borg til að vera til staðar fyrir börn og unglínga og draga úr áhættuþáttum í umhverfi þeirra.

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi er einn af verndandi þáttum í uppeldi barna og unglínga. Reynsla



Frá foreldraröltinu.

starfsfólks félagsmiðstöðva er sú að sumarið getur verið tími breytinga hjá sumum unglíngum hvað varðar félagsskap, félagslegt taumhald og

ákvarðanir tengdar áhættuþegðun. Undanfarin 20 ár hefur náðst ótrúlegur árangur í baráttu gegn áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglínga og var það gert með samhentun átaki allra þeirra sem koma að uppeldi barna og unglínga í samfélaginu. Með hækkandi sólu er því mikilvægt að rifja upp að fylgjast vel með því sem unglíngar aðhafast, þekkja vel til vinanna, virða útvistartíma, taka þátt í foreldrarölti og samvera fjölskyldunnar.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru afskaplega spenntar fyrir sumarstarfinu og eru börn, unglíngar og foreldrar hvött til að fylgjast með dagskrá sumarsins og nánara skipulagi á tjornin.is.

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma



aukahlutir.is



AUKAHLUTIR

netverslun

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

- skiljum ekkert eftir

- mold
- trjágreinar
- gras
- illgresi og arfi
- blómaafskurður

en ekkert plast - takk!

Garðaúrgangsgámur

verður til staðar hjá

ORKUNNI

Suðurströnd - Seltjarnarnesi

allan júnímánuð

NÝTUM **ORKUNA**



Í AÐ FLOKKA


terra



Útilífsskóla skáta í Vesturbænum

Ævintýralegt í sumar

Vesturbærinn verður vettvangur ævintýra fyrir stóran hóp barna á aldrinum 8 til 12 ára sem sækja útilífsskólann á vegum Skátafélagsins Ægisbúa. Í grennd við skátaheimilið, sem er í hjarta Vesturbæjar - Íþróttahúsi Hagaskóla, eru ýmis tækifæri til skemmtilegra verkefna; stutt í sund, stutt í sjóinn, hjólaferi í Nauthólsvík, Óskjuhlíð og Seltjarnarnes og svo alltaf hægt að taka strætó um alla borg.

„Börn sem mæta í Útilífsskóla skáta skora á sjálf sig með því að prófa nýja hluti sem þau hafa ekki prófað áður, kynnast nýju fólki og takast á við skemmtilegar áskoranir,“ segir Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, skólastjóri Útilífsskólans í Vesturbæ. Útivist er aðalviðfangsefni útilífsskólanna og því gott tækifæri fyrir orkumikla krakka sem vilja safna freknum og anda að sér fersku lofti. „Krákkarnir mega koma eins oft og þau vilja, enda verður fjölbreytt dagskrá í allt sumar,“ segir Þórhildur og heldur áfram: „Við höldum þó alltaf í vinsælustu liðina í hverri viku, enda verður seint þeytt að klífra í Óskjuhlíð og grilla sykurpúða.“

Vantar fleiri unglunga í vinnu

Það eru þó ekki bara börn á aldrinum 8 til 12 ára sem læra heilmikið af því að sækja útilífsskólann í sumar, heldur er Útilífsskóli skáta einnig vettvangur fyrir vinnuskólaliða á vegum Reykjavíkurborgar sem

fá sína fyrstu atvinnureynslu og spreya sig á því að starfa með börnum, stunda útivist, vinna í samstarfi við annað starfsfólk og efla leiðtogaferni sína.

„Ökkur finnst mikilvægt að hafa ungt fólk úr hverfinu í vinnu,“ segir Þórhildur og bætir við að enn sé skátafélagið að leita að vinnuskólaliðum sem hafa nýlök 9. og 10. bekk. „Þetta er ótrúlega skemmtileg sumarvinna, þú leikur þér allan daginn og færð að verja tíma úti við. Hvað gæti

verið betra?“ bætir Þórhildur við og bendir áhugasömum á að hafa samband við Skátafélagið Ægisbúa á netfanginu skati@skati.is.

Fljót að fyllast

Námskeiðin eru fljót að fyllast og þegar hafa yfir 100 börn skráð sig til leiks. Boðið verður upp á níu vikulöng námskeið í sumar og það fyrsta hefst 14. júní. Upplýsingar um útilífsskólann er að finna á utilifsskoll.is.



Ýmis skátaleg viðfangsefni eru á útilífsskólum skáta í sumar, klífur, sig, sund og tálgun.



Iðunn sigraði í stærðfræðikeppninni

Iðunn Helgadóttir úr Landakotsskóla sigraði í úrslitum stærðfræðikeppninnar Pangeu 2021 í áttunda bekk yfir allt Ísland.

Iðunn sigraði með yfirburðum en næstir á eftir henni voru Sólon Chanse Sigurðsson, Setbergsskóla, í 2. sæti, og Elvar Magnússon, Vatnsendaskóla í því þriðja.



Iðunn tekur við verðlaunum í Pangeustærðfræðikeppninni.

Of mikið sumar?

Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flynise filmuhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efninu desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flynise er ætlað fullorðnum og unglingum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennslu og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarlíðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Húsfélag hjá okkur er ekki hausverkur

„Það verður sífellt algengara að húsfélög í fjölbýlishúsum fyrir heldri borgara, eins og við köllum gjarnan þessi félög, fái okkur hjá Eignaumsjón til að sjá um rekstur sinna fasteigna og tengda þjónustu, segir Páll Þór Ármann, forstöðumaður þjónustusviðs Eignaumsjónar. „Fjölmörg slík hús eru nú þegar í þjónustu hjá okkur og við mótum og sníðum hana eins og hverju húsfélagi hentar. Við erum í raun skrifstofa viðkomandi félags og sjáum til þess að rétt sé staðið að öllu í rekstrinum!“



Páll Þór Ármann.

Eignaumsjón hf. býr að 20 ára þekkingu og reynslu á sínu sviði og er leiðandi í rekstrarumsjón og þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa á Íslandi. Félagið hefur vaxið ört á síðustu árum og sér nú um rekstur um 700 félaga með um 15.000 íbúðum eða eignarhlutum.

Auðveldum störf formanns og stjórna húsfélaga

„Allir sem hafa setið í stjórn húsfélaga vita að störf stjórnarmanna eru bæði krefjandi og oft vanmetin hvað varðar vinnuframlag, umfang og ábyrgð,“ segir Páll og bætir við að rekstur húsfélaga geti líka verið viðkvæmur fyrir gagnrýni félagsmanna. „Áralöng reynsla okkar hjá Eignaumsjón, mikil sérþekking starfsfólks og fastmótaðir verkferlar tryggja að við leysum hin fjölbreyttustu vandamál fyrir viðskiptavinum okkar á bæði faglegan og persónulegan hátt. Við finnum lausnir á flestum málum sem upp koma í rekstrinum og auðveldum þannig með faglegum stuðningi störf formanns og stjórna, þannig að húsfélagið verður ekki neinn hausverkur!“

Eignaumsjón sér um innheimtu allra gjalda fyrir húsfélög sem eru í þjónustu hjá félaginu og hefur líka umsjón með öllum greiðslum, færslu bókhalds og gerð ársreikninga. „Við sækjum líka um endurgreiðslu virðisaukaskatts og má t.d. nefna að á nýliðnu ári sóttum við um endurgreiðslu á hátt í 400 milljónum króna fyrir félög í þjónustu Eignaumsjónar vegna átaksins Allir vinna.“

Páll segir það líka oft vanmetið hve mikill tími og vinna fer í að halda utan um fundi húsfélaga. „Við tökum að okkur að sjá um allt sem snýr að bæði aðalfundum og húsfundum, þar á meðal undirbúning og frágang fundargagna, fundarboð, fundarstjórn og ritun fundargerðar. Einnig veitum við ráðgjöf þegar vafa- og deilumál koma upp í húsfélaginu en þá getur skipt sköpum að hafa hlutlausan aðila til ráðgjafar til að stuðla að betri og hreinskiptari samskiptum íbúa,“ bætir Páll við og talar þar af reynslu hafandi starfað hjá Eignaumsjón í áratug.

Góð samskipti og betri kjör í krafti fjöldans

Mikið er lagt upp úr lausnamiðaðum og góðum samskiptum við viðskiptavinum hjá Eignaumsjón og áhersla lögð á skýra verkferla, skjót svör og teymisvinnu. Eftir 20 ára starfsemi býr félagið líka yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu, sem kemur svo sannarlega að góðum notum þegar aðstoða þarf stjórnir húsfélaga við lausn aðsteðjandi verkefna eða útvega ýmskonar þjónustu á hagkvæmstu kjörum hverju sinni.

„Við útvegum iðnaðarmenn og sjáum um samskipti við þá, aðstoðum við tryggingamál, öflum tilboða í þrif á sameign, sorp- og bílageymslu og fáum tilboð í lóðaumsjón, hvort sem er að ræða slátt, garðvinnu, snjósmokstur eða annað. Við komum einnig með tillögur að hússjóðs- og framkvæmdagjöldum, leitum tilboða í úttektir, gerum yfirlýsingar húsfélaga um stöðu seljanda hjá húsfélaginu við fasteignaviðskipti, semjum um umtalsverða aflsætti, s.s. af raforku, þjónustu öryggisfyrirtækja, lögfræðisþjónustu og mörgu fleira.“

Húsumsjón léttir lífið

Húsumsjón getur líka verið áhugaverður kostur fyrir húsfélög í fjölbýlishúsum fyrir eldri borgara. Þá fara fagmenn Eignaumsjónar með reglulegum hætti yfir ástand sameignar og búnaðar og búnaðar húseignar, gera nauðsynlegar úrbætur og fylgjast með orkunotkun og öðrum kerfum og búnaði í húsinu sem þarf að vera í góðu lagi.

„Allir sem þekkja rekstur húsfélaga, vita að full þörf er á reglubundnu eftirliti með daglegri umhirðu og ástandi sameignar, innanhúss sem utan, bæði til að lækka viðhaldskostnað og til að tryggja að ástand fasteignarinnar sé eins og best verður á kosið,“ segir Páll Þór Ármann, forstöðumaður þjónustusviðs Eignaumsjónar, að lokum.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs skrifar

Byggjum upp betri borg

Ársreikningur Reykjavíkurborgar liggur nú fyrir. Síðasta ár fór ekki, hjá neinu okkar, eins og við höfðum ætlað í upphafi árs. Faraldurinn sá til þess. Það átti við áætlanir Reykjavíkurborgar eins og annarra. Tekjur urðu minni en reiknað hafði verið með, vegna þess að því miður jókst atvinnuleysi verulega í Reykjavík. Útgjöldin jukust hins vegar því það þurfti að bregðast hratt við til að tryggja nauðsynlega þjónustu, þrátt fyrir sóttvarnartakmarkanir. Viða þurfti líka að auka við þjónustu, eins og við barnavernd.

Fyrir ári síðan stóð borgarráð allt, þvert á flokka, saman að því að vilja aðstoða heimilin og fyrirtækin í Reykjavík á erfiðum tímum. Við í meirihlutanum settum okkur þá stefnu við fjárhagsáætlun þessa árs að gefa í við nauðsynlegar framkvæmdir og taka stór græn skref til framtíðar. Nú er tíminn fyrir framkvæmdir og fjárfestingar.

Fjárfestum í leikskólum og skólum

Við erum ákveðin í að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Að undanförmu höfum við keypt og leigt húsnæði fyrir nýja leikskóla auk þess sem ákveðið hefur verið að breyta húsnæði í eigu borgarinnar í leikskóla. Það þarf að bæta nýjum leikskólum í ný hverfi, þar sem margt ungt fólk hefur flutt, opna ungbarnadeildir og byggja við eldri leikskóla. Í apríl samþykkti borgarráð að koma fyrir færanlegum leikskólum í þeim hverfum þar sem biðlistarnir eru lengstir hverju sinni og koma á leikskólarútum sem tengja börnin betur við útivist og náttúru. Einn slíkur leikskóli verður í Vesturbænum en endanleg ákvörðun um staðsetningu hefur ekki verið ákveðin enn. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þessi verkefni þróast. Við munum svo halda áfram að endurgera grunn- og leikskólalóðir samkvæmt forgangsroðun. Í síðasta mánuði samþykkti borgarráð að veita um 500 milljónum í endurgerð og lagfæringar á 18 leik- og grunnskólalóðum. Þar á meðal við Melaskóla, Vesturborg og Mánagarð.

Uppbygging í Skerjafirði

Búið er að samþykkja nýtt skipulag fyrir Skerjafirð. Í byrjun er heimil uppbygging á um 700 íbúðum og leik- og grunnskóla fyrir hverfið. Þarna mun rísa skemmtilegt og mannvænt hverfi, þar sem gangandi og hjólandi verða í forgangi við allt skipulag. Hverfið verður grænt, gert er ráð fyrir hverfistorgum, þar sem íbúa geta komið saman, leikið sér og dvalið. Þarna mun rísa mjög spennandi valkostur til búsetu. Enda geta núverandi íbúar

Skerjafjarðar vottað fyrir, hversu gott er að búa í hverfinu. Með borgarlinu yfir Fossvog bætist við samgöngukostur til að komast í og úr hverfinu.

Næsti áfangi við sjóvarnargarð

Einhverjir íbúar hafa velt fyrir sér af hverju ekki hefur verið gengið frá eftir að 1. áfangi sjóvarnargarðs við Eiðsgranda kláraðist. Svarið er að nú er komið að næsta áfanga, þar sem sjóvarnargarðurinn verður bættur að Ánanaustum. Með þessu verður mjög vinsæll hjóla- og göngustígur meðfram ströndinni öruggari fyrir vegfarendur gegn ágangi sjávar.

Borgarsjóður stendur vel

Stór orð hafa verið uppi um skuldastöðu Reykjavíkurborgar, sem segja ekki nema brot af myndinni. Reykjavíkurborg er öflugt sveitarfélag sem hefur góða burði til að auka við fjárfestingar og örva atvinnulífið. Skuldir sveitarfélaga eru takmörkuð af sveitarstjórnarlögum við 150% skuldaviðmið. Í ársreikningi 2020 er skuldaviðmið Reykjavíkurborgar 88%. Af öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er skuldaviðmið Garðabæjar 71%, Mosfellsbæjar 100%, Hafnarfjarðar 101% og Kópavogs 105%.

Lægstu skuldir á höfuðborgarsvæðinu

Ef einungis er litið til þess hluta borgarinnar sem er fjármagnaður með skatttekjum og sinnir almennri þjónustu við borgarbúa (A-hluta) er hlutfallið enn lægra og er skuldahlutfall Reykjavíkurborgar lægst á öllu höfuðborgarsvæðinu. Skuldir Reykjavíkurborgar, þegar hlutur Orkuveitunnar er meðtalin, hljóma kannski háar. En á móti koma 730 milljarða eignir borgarinnar og eru hreinar eignir á hvern íbúa hvergi hærra á höfuðborgarsvæðinu. Vegna þessarar góðu stöðu ætla Reykjavík að fjárfesta og framkvæma meira á þessu ári en áður, alls fyrir um 28,6 milljarða sem er um 9 milljarða kr. hækkun frá árinu 2020. Skiptir þar mestu byggingaframkvæmdir fyrir 13 milljarða og gatna og umhverfisframkvæmdir fyrir 11 milljarða.

Gleðilegt sumar í dásemdarborginni okkar.

Vesturbæjarskóli

Hlaut eitt af hvatningarverðlaunum Reykjavíkurborgar

Austur-Vestur sem er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Selásskóla og Vesturbæjarskóla hlut eitt af átta hvatningarverðlaunum Reykjavíkurborgar.

Vorið 2019 sóttu skólarnir um styrk hjá Þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir samstarfsverkefni í tengslum við nýja menntastefnu: AUSTUR – VESTUR Sköpunar- og tæknismiðjur í Ingunnarskóla, Selásskóla og Vesturbæjarskóla. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs voru veitt við hátíðlega athöfn á MenntaStefnumóti skóla- og frístundasviðs í Hörpu fyrir skömmu. Þau koma í hlut átta nýbreytni- og þróunarverkefna í skóla- og frístundastarfi í borginni. Auk þess fengu fjögur samstarfsverkefni leik-, grunn- og frístundamiðstöðva sérstaka viðurkenningu. Öll verkefni sem hlutu hvatningarverðlaun og viðurkenningu hafa beina skírskotun til menntastefnu Reykjavíkurborgar og tengjast grundvallarþáttum hennar og leiðarljósum.



Forsvarsfólk skólanna þriggja tekur við hvatningarverðlaunum fyrir Austur - Vestur samstarfsverkefnið.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þau eiga að veita starfsfólki hvatningu, ásamt því að

viðhalda og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi. Þá eru þau viðurkenning á vel unnu verki og staðfesting þess að starfið sé fyrirmynd annarra.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMARSTARF TJARNARINNAR

Fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára

MÁNUDAGA

Dagopnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30

MÍÐVIKUDAGA

7.bekkaropnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30

FÖSTUDAGA

Dagopnun kl. 16:30–18:30
Kvöldopnun kl. 19:30–22:30



TJÖRNIN

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



SUMARIÐ ER TÍMINN!



Sumardrykkirnir 2021
Fáðu þér súpersumardrykk
í Systrasamlaginu.
Ískaldur maccha, krækiberja-,
bláberjalatté eða heslihnetukaffi?

Wild Grace
Einstök húðvara. Í anda ayurveda.
Dýpt og næring fyrir þína húðgerð.



Einstakur kósýfatnaður
Falleg hönnun fyrir jóga
og lífið.



Hugleiðslupúðar
Ekki bara hugleiðslupúði heldur
líka fallegt húsgagn.



Umhverfisvænar korkjógavörur
Sterkar og fallegar. Asanas tengja þig við náttúruna.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓDINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Íslandsmóti unglunga í Borðtennis

Fimm titlar til KR

KR-ingar unnu fimm Íslandsmeistararitla á Íslandsmóti unglunga í borðtennis, sem fram fór í TBR-húsinu 8. til 9. maí, fleiri en nokkurt annað félag. KR fékk einnig flest verðlaun allra félaga, 17 talsins. Systkinin Eiríkur Logi Gunnarsson og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir unnu tvo titla hvort og Guðbjörg varði titilinn í tátuflokki sem hún vann árið 2019. Þóra Þórisdóttir sigraði í stúlknafllokki og KR vann tvöfalt í flokknum. Fjölmargir KR-ingar fengu verðlaun á mótinu, eins og sjá má á myndunum hér fyrir neðan. Alls var leikið í 16 flokkum á mótinu.

Íslandsmeistarar KR voru þessir: Einliðaleikur stúlkna fæddra 2003-2005: Þóra Þórisdóttir. Tvíliðaleikur drengja fæddra 2003-2005: Benedikt Vilji Magnússon og Eiríkur Logi Gunnarsson. Tvenndarleikur fæddra 2003-2005: Eiríkur Logi Gunnarsson og Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir. Tvíliða-



Glæsilegir verðlaunahafar frá borðtennisdeild KR.

leikur tóta fæddra 2008 og síðar: Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir. Einliðaleikur tóta fæddra 2010 og síðar: Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir. Ungir borðtennisspilarar voru orðnir langeygir eftir að spila á Íslandsmóti, þar sem mótið árið

2020 var fellt niður eftir að þrjár tilraunir höfðu verið gerðar til að halda það. Þá hafði mótinu þegar verið frestað einu sinni á þessu ári. Einnig var Íslandsmótinu í liðakeppni unglunga aflýst þetta árið.

Góð byrjun hjá 2. og 3. flokki

2. flokkur KR í knattspyrnu lék sinn fyrsta leik í Íslandsmóti sumarsins, þegar Keflavíkurlíftar mættu í heimsókn. Leikur A-liðsins lauk með jafntefli 1-1, þar sem Jökull Tjörvason skoraði mark KR. B-liðið bar sigur úr þytum, 4-2, með mörkum frá Sólvin Tómassyni, Jökli Bjarkasyni og tveimur mörkum frá Kára Pálssyni.

3. flokkur KR hóf tímabilið með sigurleikjum gegn Aftureldingu á KR-velli. Í flokki A-liða sigraði KR 4-2. Mörkin skoruðu Sergio Herrera Medina (2), Gunnar Magnús Gunnarsson og Jón Bersi Sigurðsson. B-liðsleiknum lauk með sigri KR 3-2, með mörkum frá Orra Alvari Vilhjálmssyni, Ottó Snæ Ingvasyni og Tómasi Karli Magnússyni. Á fimmtudag mættust C-lið félaganna þar sem KR hafði aftur betur, 6-4. Mörk KR-inga skoruðu Oliver Einar Nordquist (4), Kacper Andrzej Las og Lúkas Ingvar Martins.



2. flokkur KR, A-lið.

Gleðidagur í Dómkirkjunni

- séra Karl Sigurbjörnsson prédikaði

Gleðidagur var á uppstigningardag í Dómkirkjunni. Karl Sigurbjörnsson biskup prédikaði og séra Elínborg Sturludóttir þjónaði fyrir altari. Haukur Guðlaugsson organleikari og fyrrverandi söngmálastjóri þjóðkirkjunnar lék á flygilinn og Gunnar Kvaran á selló. Pétur Nói Stefánsson orgelnemandi lék for-og eftirspil. Helga Hjálmtýsdóttir og Jón B. Guðlaugsson lásu ritningarlestrana.

Kammerkór Dómkirkjunnar söng undir stjórn Kára Þormar dómorganista. Karl Sigurbjörnsson biskup sagði í upphafi prédikunnar sinnar: „að hér mætast kynslóðirnar inni, þú, ungi framhaldsskólanemi, Pétur Nói Stefánsson, og þið öldungarnir, Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugsson. Ungi maðurinn horfir fram á farsælan feril á listabrotunni, sem Guð gefi, og þið tveir getið horft svo glaðir um öxl yfir genginn gæfuvel í þjónustu listarinnar. Ég er mikið þakklátur fyrir tækifærið að fá að mæla fyrir munn hinna mörgu þegar ég árna þér heilla, Haukur minn, í tilefni af nýliðnu níraðisafmæli þínu. Þú hefur gefið svo mikið af þér og markað svo djúp og blessuð heillaspor í líf kirkju og menningar, þar sem allt hefur verið borið uppi af einlægri trúmennsku, auðmýkt, gleði og trú. Guð launi það og blessi þig og þína“.



GETRAUNANÚMER KR

107

1X2
GETRAUNIR.IS

RECARO
Barnabílstólar í úrvali





BÍLASMIÐURINN HF


Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Tækniskóli ungra fólksins
12-16 ára

Ljósmyndun



Fatasaumur



Tæknihönnun



Forritun í Unity 3D





vís

Látum öryggið passa

Er slökkvitækið komið út í skúr því það passar ekki við litinn á flísunum í forstofunni? Er búið að fela eldvarnarteppið því það skyggir á nýju kaffivélina? Málið er að ef svona öryggistæki passa ekki inni hjá okkur, þá eru þau ekki að passa upp á okkur. Horfðu aðeins í kringum þig - því við þurfum að breyta því hvernig við hugsum um svona græjur.

Fáðu innblástur á vis.is